



Alþingi
Erindi nr. P 140/499
komudagur 29.11.2011

Alþingi
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011
Tilvísun: 2011110020/00.03

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fornleifarannsóknir í Árnosi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár.

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið eftir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar nr. 84/140.2011 um fornleifarannsóknir í Árnosi og við fossinn Búða, norðan Þjórsár.


Það er vissulega ánægjulegt að áhugi sé fyrir hendi að styrkja fornleifarannsóknir á Íslandi, en mikilvægt er að slíkar rannsóknir séu gerðar á vísindalegum forsendum og samkvæmt opinberri stefnu.

Hér er hins vegar gerð tillaga um að rannsakaður verði einn ákveðinn staður, Árnosi við fossinn Búða í Þjórsá, þar sem talið er að héraðsþing Árnosinga hafi verið haldið til forna. Ekki verður í fljótu bragði séð hvers vegna Alþingi velur þennan stað til rannsókna, umfram aðra héraðsþingstaði á landinu, sem eru um 25 talsins eða aðra minjastaði almennt. Í greinargerð með ályktuninni kemur ekki fram hvaða stofnun eða fræðimenn ættu að standa að rannsókninni. Ekki liggur fyrir rannsóknaráætlun, né heldur kostnaðaráætlun. Vísindaleg og fræðileg markmið eru ekki skilgreind.

Mikilvægt er að allar fornleifarannsóknir fari fram að undangenginni faglegir forgangsröðun og byggi á stefnumörkun á því sviði. Því er mælt gegn þessari tillögu.

Ef fyrir liggur skilgreint rannsóknarverkefni er rétt að beina því til rannsóknaraðila að sótt verði um leyfi til rannsóknarinnar til Fornleifaverndar ríkisins. Sækja má um fjármögnun til fornleifasjóðs sem úthlutar styrkjum til fornleifarannsóknna að undangengnu mati á vísindalegu gildi þeirra og samanburði við aðrar fornleifarannsóknir er sækja um fjármagn í sjóðinn.

Með vinsemd og virðingu


Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður